

**Sp. 138. Tillaga til þingsályktunar [125. mál]**  
um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki.

Flm.: Kristín S. Kvaran, Guðrún Agnarsdóttir, Helgi Seljan, Ólafur P. Þórðarson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir vilja sínum til að tryggja að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki eigi sér ekki stað hér á landi. Til þess að svo megi verða, sbr. ályktanir Evrópuráðsins 1. október 1981 og Norðurlandaráðs 1. mars 1984, sem báðar fjalla um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna stöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi. Nefndin skal skipuð fulltrúum dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og hagsmunasamtaka samkynhneigðs fólks og skal hún kanna lagalega, menningarlega og félagslega stöðu þess og gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki hverfi hér á landi.

**Greinargerð.**

Í okkar heimshluta hafa þjóðfélagsbreytingar síðustu áratuga meðal annars falið í sér vaxandi virðingu fyrir einstaklingnum og rétti hans, sem og aukinn skilning milli þjóðfélagshópa og virðingu fyrir rétti þeirra hvers um sig. Má raunar segja að það sé og eigi að vera kjarninn í viðleitninni til þess að móta samfélagið svo að það verði samfélag allra manna.

Pegar nefna skal dæmi þessa er augljósust hér á landi umræðan um jafnan rétt karla og kvenna og viðleitni almennings og félagasamtaka, sem og viljayfirlýsingar og löggjöf

Alþingis, til þess að tryggja afnám misréttis vegna kynhneigðar. Sami vilji liggur að baki þegar þjóðir setja sér að útrýma misrétti sem byggist á litarhætti manna. Þá er og að nefna að þjóðfélögin ákveða að réttur þjóðarbrota skuli virtur, trúarbragðahópa, aldurshópa og svo má lengi telja.

Meðal misréttis, sem hefur viðgengist í samfélögum með vestræna menningu, er misrétti vegna kynhneigðar. Þetta á og mjög við um Ísland. Þess gætir í löggjöf með tvennum hætti, annars vegar með því að lagaákvæði meina beinlínis samkynhneigðum rétt sem gagnkynhneigðum er ekki meinaður og hins vegar með því að lagaákvæði, sem veita tiltekinn rétt, ná til gagnkynhneigðra en ekki samkynhneigðra.

Auk lagalegs misréttis býr samkynhneigt fólk við menningarlegt og félagslegt misrétti. Menningarlegt misrétti er m.a. fólgið í misnotkun tungunnar til þess að sýna samkynhneigðu fólki virðingarleysi með fjandsamlegu orðafari sem og í því að í listum og öðru menningarstarfi er tilvist samkynhneigðs fólks hunsuð. Félaglegt misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki sem einstaklingum og sem hópi gætir á öllum sviðum þjóðlífsins og er kunnugt um fjöldamörg dæmi þess.

Aðstaða samkynhneigðs fólks til þess að berjast sjálft fyrir jafnrétti sínu er miklu lakari en flestra annarra þjóðfélagshópa. Konur eiga þess ekki kost að leyna kynferði sínu til þess að komast hjá því að verða fyrir misrétti og svertingjar geta ekki leynt litarhætti sínum. En samkynhneigt fólk á þess kost að afneita kynhneigð sinni til þess að komast hjá misrétti og hið menningarlega misrétti veldur því að afar erfitt er fyrir einstaklinginn að öðlast þá sjálfsvirðingu sem þarf til þess að krefjast réttar síns. Hið félagslega misrétti gengur svo nærri sérhverjum einstaklingi sem fyrir því verður að mjög mikill meiri hluti samkynhneigðs fólks kys að fórnar rétti sínum til fullrar aðildar að samfélaginu á jafnréttisgrundvelli fremur en að beita sér gegn misréttinu. Hér er því kominn vítahringur. Samkynhneigður einstaklingur getur ekki krafist réttar síns nema hann geri grein fyrir máli sínu, en hann getur ekki gert grein fyrir máli sínu vegna réttleysis síns. Að fá ekki að vera maður sjálfur með fullum rétti og virðingu leiðir til mikillar óhamingju. Það er hlutverk þjóðfélagsins alls að rjúfa þennan vítahring.

Sem betur fer hafa augu stjórnmalamanna víða um lönd verið að opnast fyrir því hlutverki sem þeir þurfa að gegna hér. Í Noregi hefur verið bætt í hegningarlög ákvæðum sem gera það refsivert að blása til andúðar á samkynhneigðu fólki á opinberum vettvangi sem og að neita samkynhneigðu fólki um vöru eða þjónustu sem almenningi er boðin í atvinnuskyni. Þar starfar nú stjórnskipuð nefnd að könnun á stöðu fólks í hvers konar sambúð og mun hún taka jafnt til gagnkynhneigðs og samkynhneigðs sambúðarfólks. Í Svíþjóð hefur þingkjörin nefnd kannað öll lög landsins með tilliti til þess hverju þurfi að breyta í þeim eða auka við svo að misrétti sem byggist á kynhneigð verði útrýmt. Í Danmörku kannar þingnefnd stöðu samkynhneigðs fólks. Svo má lengi telja, en aðeins skal nefnt að í Hollandi, Frakklandi og víða í Bandaríkjunum hefur mikill árangur náðst með því að banna með lögum misrétti vegna kynhneigðar.

Við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu viljum ekki una því að á Íslandi líðist misrétti sem byggist á kynhneigð og því teljum við nauðsynlegt að verða við ályktunum Evrópuráðsins 1. október 1981 og Norðurlandaráðs 1. mars 1984 sem báðar fjalla um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki. Mikilvægi þessa verkefnis hefur af hálfu stjórnmalamanna verið rækilega undirstrikað með þessum ályktunum.